

*Veðskuldabréfasjóðurinn Virðing
Ársreikningur 2022*

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	1
Áritun óháðra endurskoðenda	2
Rekstrarreikningur og yfirlit um breytingu á hreinni eign	4
Efnahagsreikningur	5
Skýringar	6

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Veðskuldabréfasjóðurinn Virðing er sérhæfður hlutdeildarsjóður sem starfar skv. lögum nr. 45/2020 um sérhæfða sjóði. Sjóðurinn er lokaður sjóður og eingöngu markaðssettur fagfjárfestum. Rekstur sjóðsins er í höndum Kvikú eignastýringar hf. Enginn starfsmaður var hjá sjóðnum á árinu.

Sjóðurinn fjárfestir í skuldabréfum sem tryggð eru með veði í atvinnuhúsnæði auk innlána fjármálafyrirtækja og reiðufé.

Ársreikningur sjóðsins er hluti af B-hluta ársreiknings Kvikú eignastýringar hf. sem inniheldur ársreikninga verðbréfasjóða, sérhæfðra sjóða fyrir almenna fjárfesta og annarra sérhæfðra hlutdeildarsjóða. Vísað er í þann reikning varðandi ýmsa upplýsingagjöf stjórnar. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

Afkoma sjóðsins á árinu 2022 var 0 kr. Hrein eign hlutdeildarskírteinishafa nam 2.124 þús.kr. þann 31. desember 2022. Athygli er vakin á breytttri framsetningu á rekstrarreikningi og efnahagsreikningi, sjá nánari útskýringu í skýringu 1.

Horfur í starfsumhverfi

Mjög óvenjulegar aðstæður hafa skapast í efnahagslífinu undanfarin ár, fyrst vegna COVID-19 veirunnar og einnig í kjölfar innrásar Rússlands í Úkraínu. Þessir atburðir hafa haft áhrif á eignamarkaði um allan heim og hafa leitt til aukinnar verðbólgu og hærra vaxtastigs. Stjórn og stjórnendur sjóðsins fylgdust vel með þróun COVID-19 faraldursins og innrásarinnar og ráðstöfunum stjórnvalda í þeim efnum. Ávallt er gætt að því að hafa hagsmuni hlutdeildarskírteinishafa að leiðarljósi. Ekki hefur þurft að bregðast við með neinum hætti gagnvart mótaðilum sjóðsins og er ekki búst við að þess þurfi. Áhrif framangreindra atburða eru þó óveruleg í heildina litið og hafa ekki haft áhrif á rekstrargrundvöll eða áframhaldandi rekstrarhæfi sjóðsins.

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Ársreikningur þessi er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og lög um rekstrarfélög sérhæfðra sjóða.

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og framkvæmdastjóra er það álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu hans þann 31. desember 2022 og rekstrarafkomu hans og breytingum á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 31. desember 2022.

Stjórn Kvikú eignastýringar hf. og framkvæmdastjóri félagsins hafa í dag rætt ársreikning sjóðsins fyrir árið 2022 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 14. febrúar 2023

Hrönn Sveinsdóttir, stjórnarformaður
Óttar Már Ingvason, varaformaður
Andri Vilhjálmur Sigurðsson, stjórnarmaður

Hannes Frímann Hrólfsson, framkvæmdastjóri

Ársreikningur Veðskuldabréfasjóðsins Virðingar fyrir árið 2022 er rafrænt undirritaður af stjórn og framkvæmdastjóra.

Áritun óháðra endurskoðenda

Til stjórnar og eigenda hlutdeildarskrteina Veðskuldabréfasjóðsins Virðingar.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Veðskuldabréfasjóðsins Virðingar fyrir árið 2022. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um breytingar á hreinni eign, yfirlit yfir fjárfestingar, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2022, efnahag hans 31. desember 2022 og breytingu á hreinni eign á árinu 2022, í samræmi við lög um ársreikninga og lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

Álit okkar er í samræmi við þær upplýsingar sem koma fram í endurskoðunarskýrslu okkar til starfsnefndar Kviku eignastýringar hf. í samræmi við 11. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 537/2014.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð sjóðnum Veðskuldabréfasjóðurinn Virðing í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur sem og siðareglur sem eru viðeigandi við endurskoðun á Íslandi, og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra reglna. Þar með talið, í samræmi við okkar bestu þekkingu, höfum við ekki veitt Veðskuldabréfasjóðnum Virðingu óheimilaða þjónustu sem um getur í 1. mgr. 5. gr reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 537/2014.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Megináherslur við endurskoðunina

Megináherslur við endurskoðunina eru þau atriði, sem að okkar faglega mati, hafa mesta þýðingu fyrir endurskoðun okkar á ársreikningi sjóðsins árið 2022. Þessi atriði voru yfirfarin við endurskoðun á ársreikningnum og höfð til hliðsjónar við ákvörðun á viðeigandi álit á hann. Í áritun okkar látum við ekki í ljós sérstakt álit á hverju þeirra fyrir sig.

Megináhersla við endurskoðun	Hvernig við endurskoðuðum megináherslur
Mat á virði verðbréfa með föstum tekjum.	
Helsta eign sjóðsins eru útlán. Eins og sjá má í skýringu 12-13 í ársreikningi sjóðsins.	Við höfum framkvæmt ítarlegt áhættumat á lánasafninu og tekið úrtak lána í árslok.
Þar sem útlán eru lang stærsti hluti efnahagsreiknings sjóðsins og þar sem virði útlána á reikningsskiladegi er háð mati stjórnenda þá höfum við metið hann sem megináherslu í endurskoðuninni. Við teljum mikilvægast að fara yfir virði eignanna og að þær séu ekki ofmetnar.	Við höfum lagt mat á hvort mat stjórnenda á virði lána sé viðeigandi í samræmi við undirliggjandi gögn. Við höfum farið yfir hvort það séu trygg veð til staðar á bak við lánin ásamt því að fara yfir hvort lánin séu í skilum og að skuldari sé greiðsluhæfur.

Aðrar upplýsingar

Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar samanstanda af skýrslu stjórnar.

Álit okkar á ársreikningnum nær ekki yfir aðrar upplýsingar og við ályktum hvorki um, né veitum staðfestingu á efni þeirra ef frá er talin sú staðfesting varðandi skýrslu stjórnar sem fram kemur hér að neðan.

Í tengslum við endurskoðun okkar berum við ábyrgð á að lesa framangreindar aðrar upplýsingar og skoða hvort þær séu í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða þekkingu okkar sem við höfum aflað við endurskoðunina eða virðast að öðru leyti innifela verulegar skekkjur. Ef við komumst að þeirri niðurstöðu, byggð á þeirri vinnu sem við höfum framkvæmt, að það séu verulegar skekkjur í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Það er ekkert sem við þurfum að skýra frá hvað þetta varðar.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Veðskuldabréfasjóðsins Virðingar ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa sjóðinn upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika.

Stjórn og starfsnefnd skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Áritun óháðra endurskoðenda

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanlega vissa er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits sjóðsins.
- Metum hvort reikningsskilaáferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi sjóðsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggtrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn og starfsnefnd Kviku eignastýringar hf. meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Við höfum einnig lýst því yfir við stjórn og starfsnefnd Kviku eignastýringar hf. að við höfum uppfyllt skyldur síðareglna um óháði og höfum miðlað til þeirra upplýsingum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega haft áhrif á óháði okkar og þar sem viðeigandi er, hvaða varnir við höfum sett til að tryggja óháði okkar. Jafnframt því að sinna skyldum okkar sem kjörnir endurskoðendur sjóðsins hefur Deloitte veitt sjóðnum aðra heimilaða þjónustu svo sem könnun árs hlutareiknings. Deloitte hefur til staðar innri ferla til að tryggja óháði sitt áður en Deloitte tekur að sér önnur verkefni.

Af þeim atriðum sem við höfum upplýst stjórn og starfsnefnd um, lögðum við mat á hvaða atriði höfðu mesta þýðingu í endurskoðuninni á yfirstandandi ári og eru það megináherslur í endurskoðuninni. Við lýsum þessum atriðum í áritun okkar nema lög og reglur leyfi ekki að upplýst sé um slík atriði eða í undantekningartilfellum þegar endurskoðandinn metur að ekki skuli upplýsa um viðkomandi atriði þar sem neikvæðar afleiðingar upplýsinganna eru taldar vega þyngra en almannahagsmunir.

Deloitte var kjörð endurskoðandi Kviku eignastýringar hf á aðalfundi félagsins á árinu 2022. Deloitte hefur verið endurskoðandi Veðskuldabréfasjóðsins Virðingar síðan á aðalfundi 2020.

Kópavogur, 14. febrúar 2023

Deloitte ehf.

Pálína Árnadóttir
Endurskoðandi

Guðmundur Ingólfsson
Endurskoðandi

Ársreikningur Veðskuldabréfasjóðsins Virðingar fyrir árið 2022 er rafrænt undirritaður af endurskoðendum.

Rekstrarreikningur og yfirlit um breytingu á hreinni eign 2022

	Skýr.	2022	2021*
Vaxtatekjur	6	102.902	119.496
Vaxtagjöld	6	(316.856)	(258.272)
Verðbætur		234.365	140.722
Gangvirðisbreyting lána		(7.397)	0
Gengismunur	8	7.613	15.138
Hreinar fjármunatekjur		20.628	17.082
Umsýsluþóknun	17	(4.838)	(5.853)
Viðskiptaþóknanir		(1.802)	(620)
Annar rekstrarkostnaður		(13.987)	(10.609)
Rekstrargjöld alls		(20.628)	(17.082)
Afkoma færð á hlutdeildarskírteini		0	0

Yfirlit um breytingu á hreinni eign sjóðsins

Hrein eign í byrjun árs	201.507	201.507
Fjármögnunarhreyfingar		
Seld hlutdeildarskírteini	0	0
Innleyst hlutdeildarskírteini	0	0
Hækkun á fjármögnunarhreyfingum	0	0
Hrein eign í lok ársins	201.507	201.507

* Sjá skýringu 1

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

	Skýr.	2022	2021*
Eignir			
Skuldabréf	8	2.393.477	2.614.222
Hlutdeildarskírteini	8	73.129	62.928
Innlán hjá fjármálafyrirtækjum	9	5.778	42.426
Fjárfestingar samtals	13	2.472.383	2.719.575
Innleystar eignir		137.939	137.939
Aðrar eignir		0	62
Aðrar eignir samtals		137.939	138.001
Eignir samtals		2.610.323	2.857.576
Skuldir			
Skuldabréfaútgáfa	10,14	2.418.074	2.657.653
Umframeign skuldabréfaeigenda		189.696	197.799
Aðrar skuldir		429	0
Skuldir samtals		2.608.198	2.855.452
Hlutdeildarskírteini		2.124	2.124
Skuldir og hlutdeildarskírteini samtals		2.610.323	2.857.576
Fjöldi útgefinna hlutdeildarskírteina		600	600
Gengi hlutdeildarskírteina	16	3,54	3,54

* Sjá skýringu 1

Skýringar

Almennar upplýsingar

1. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Veðskuldabréfasjóðsins Virðingar er gerður í samræmi við lög nr. 3/2006 og lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða nr. 45/2020. Sjóðurinn er eingöngu markaðssettur til fagfjárfesta.

Kvika eignastýring hf. er dótturfélag Kviku banka hf. og hluti af samstæðureikningi félagsins og eru upplýsingar um afkomu og fjárhagsstöðu samstæðunnar þar. Sjóðurinn er í umsjá Kviku eignastýringar hf. og er ekki hluti af samstæðureikningi bankans vegna eðlis starfseminnar.

Þau ár sem hagnaður er af rekstri sjóðsins reiknast að hámarki 10% ávöxtun á hlutdeildarskírteini, skv. reglum sjóðsins. Afkoma sjóðsins umfram ávöxtun hlutdeildarskírteina færst sem vaxtaauki til skuldabréfaeigenda en tap færst til lækkunar á vaxtaauka, hafi hann verið færður til bókar áður. Breyting hefur verið gerð á framsetningu rekstrarreiknings í samræmi við framangreint. Einnig hefur verið gerð breyting á framsetningu efnahagsreikningsins þar sem umframeign skuldabréfaeigenda er tilgreind. Samanburðarfjárhæðum hefur verið breytt til samræmis við breytta framsetningu.

2. Skattamál

Sjóðurinn greiðir ekki tekjuskatt heldur er hagnaður eða tap af rekstri hans skattlagður hjá eigendum hlutdeildarskírteinanna. Einstaklingar greiða fjármagnstekjuskatt af hagnaði sínum af bréfum þegar þeir innleysa hann. Hagnaður og tap af hlutdeildarskírteinum telst til skattskyldra tekna eða gjalda hjá félögum óháð innlausn.

Sjóðurinn er undanþeginn fjármagnstekjuskatti hér á landi en ekki í þeim löndum þar sem fjármagnstekjuskattur er lagður á tekjur erlendra aðila og ekki eru í gildi tvísköttunarsamningar milli Íslands og viðkomandi ríkis um að slíkar tekjur skuli skattleggjast hér á landi.

3. Breytingar á starfsemi sjóðsins

Í janúar 2022 voru gerðar breytingar á reglum sjóðsins sem tóku m.a. mið af lögfestingu nýrra laga nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Fyrirnefnd lögfesting fól í sér að gera þurfti breytingar á reglum sjóðsins þar sem þær báru með sér tilvísanir og hugtök sem áttu rætur að rekja til laga nr. 128/2011, af þeirri ástæðu voru reglurnar uppfærðar.

4. Rekstur og starfsemi

Sjóðurinn fjárfestir í skuldabréfum sem tryggð eru með veði í atvinnuhúsnæði auk innlána fjármálafyrirtækja og reiðufé.

Afkoma sjóðsins á árinu 2022 nam 0 þ.kr. og var ávöxtun ársins 0,0%. Virði hlutdeildarskírteina í lok árs var 2.124 þ.kr og umframeign skuldabréfaeigenda 189.696 þ.kr. Gengi sjóðsins í árslok var 3,54.

Reikningsskilaaðferðir

5. Matsaðferðir

Gerð ársreiknings krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, leggi mat á og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda.

Mat og undirliggjandi forsendur stjórnenda eru í stöðugri endurskoðun og eru áhrifin af breytingu á mati og forsendum færð á því tímabili sem breytingin á sér stað og á síðari tímabilum, ef breytingarnar hafa áhrif á þau.

6. Vaxtatekjur og vaxtagjöld

Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikninginn eftir því sem þau falla til og er miðað við aðferð virkra vaxta.

7. Erlendir gjaldmiðlar

Eignir og skuldir í erlendum myntum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi í árslok 2022. Tekjur og gjöld í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags.

8. Verðbréf

a. Bókfært virði

Skuldabréf sem skráð eru á opinberum verðbréfamarkaði eru færð á markaðsverði í lok desember 2022. Óskráð skuldabréf eru færð með hliðsjón af þeirri ávöxtunarkröfu sem þau eru keypt á eða áætluðu markaðsverði ef það er talið lægra. Við mat á þessum eignum er reiknuð niðurfærsla sem tekur mið af almennri áhættu sem tengist starfseminni.

Hlutabréf sem skráð eru á opinberum verðbréfamarkaði eru færð á markaðsverði í lok desember 2022. Óskráð hlutabréf eru færð á síðasta þekkta viðskiptaverði eða áætluðu markaðsverði ef það er talið lægra. Hlutdeildarskírteini í sjóðum eru færð á markaðsverði í lok desember

b. Gengismunur

Gengismunur vegna breytinga á matsverði verðbréfa er færður í rekstrarreikning.

9. Innlán hjá fjármálafyrirtækjum

Innlán hjá fjármálafyrirtækjum innihalda bankainnstæður hjá fjármálafyrirtækjum með áföllnum vöxtum.

10. Skuldabréfaútgáfa

Langtímaskuldir eru metnar á nafnverði að frádregnum greiddum afborgunum og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á. Vaxtagjöld vegna langtímalána eru færð til gjalda á því tímabili sem þau tilheyra. Lántökukostnaður vegna nýrra lána er færður til lækkunar langtímaskulda í ársreikningi og er innlestur í rekstrarreikning miðað við virka vexti.

11. Aðrar eignir og skuldir

Aðrar eignir og skuldir eru vegna óuppgerðra viðskipta og óinnleystar eignar í lok desember 2022.

Skýringar

Fjárfestingar

12. Fjárfestingastefna og hlutfallsleg skipting fjárfestinga

	Fjárfestingar			Fjárfestingastefna	
	2022	2021	Breyting	Lágmark	Hámark
Skuldabréf sem tryggð eru með veði í atvinnu- og íbúðahúsnæði	96,8%	96,1%	0,7%	0,0%	100,0%
Hlutdeildarskírteini í lausafjársljóðum	3,0%	2,3%	0,6%	0,0%	100,0%
Innlán hjá fjármálafyrirtækjum	0,2%	1,6%	-1,3%	0,0%	100,0%
Samtals	100,0%	100,0%			

13. Sundurliðun fjárfestinga

Fjárfestingar þann 31. desember 2022 skiptast sem hér segir:

	Útg. af eða með ábyrgð ríkis eða svf.		Hlutdeildarskírteini	Hlutabréf	Skuldabréf	Samtals
Hlutdeildarskírteini			73.129			73.129
Innlán hjá fjármálafyrirtækjum	5.778					5.778
Aðrir fjármálagerningar					2.393.477	2.393.477
Samtals	5.778	73.129	0	2.393.477	2.472.383	
Hlutdeildarskírteini			3,0%			3,0%
Innlán hjá fjármálafyrirtækjum	0,2%					0,2%
Aðrir fjármálagerningar					96,8%	96,8%
Samtals	0,2%	3,0%	0,0%	96,8%	100,0%	

14. Skuldabréfaútgáfa

Sjóðurinn hefur gefið út skuldabréfaflokk sem skráður er í Kauphöll Íslands, NASDAQ OMX Iceland hf. Flokkurinn hefur auðkennið VEDS1 14 01 og er verðtryggt vaxtagreiðslubríf með 3,50% föstum ársvöxtum. Lokagjaldagi er 15. maí 2064, það er heimild til uppgreiðslu að fullu eða að hluta til með 15 daga fyrirvara.

	2022
Skuldabréfaútgáfan greinist þannig:	
Staða í ársbyrjun	2.657.653
Greiddar afborganir	(470.000)
Verðbætur	231.988
Áfallnir vextir	(1.567)
Staða	2.418.074
Afborgun ársins 2023	0
Afborgun ársins 2024	0
Afborgun ársins 2025	0
Afborgun ársins 2026	0
Afborgun ársins 2027	0
Afborganir síðar	2.418.074
Samtals	2.418.074

Hlutdeildarskírteini

15. Ávöxtun

	2022	2021	2020
Nafnávöxtun	0,00%	0,00%	10,00%
Raunávöxtun	-8,54%	-4,61%	6,33%

16. Hrein eign og gengi

	31.12.2022	31.12.2021	31.12.2020
Bókfært verðmæti hlutdeildarskírteina	2.124	2.124	2.124
Gengi hlutdeildarskírteina	3,54	3,54	3,54

Skýringar

Ýmislegt

17. Þóknanir

Sjóðurinn greiðir Kvikú eignastýringu hf. umsýsluþóknun sem reiknast sem fast hlutfall af heildareignum.

Þóknanir	Umsýslu- þóknun 0,18%
----------------	-------------------------------------

18. Laun

Sjá skýringu 16 í ársreikningi Kvikú eignastýringar hf. 31. desember 2022.



Undirritunarsíða

Hrönn Sveinsdóttir

Andri Vilhjálmur Sigurðsson

Óttar Már Ingvason

Hannes Frímann Hrólfsson

Guðmundur Ingólfsson

Pálína Árnadóttir